

Fundargerð 84. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 9. maí kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfssdóttir, Knútur Emil Jónasson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Orkufundur 2025 - 2501004SO

Lögð fram til umræðu og kynningar lokadrög að dagskrá Orkufundar.

Lagt til að senda auglýsingu fyrir fundinn á öll aðildarsveitarfélög, á alla þingmenn og á vefsíðu Sambandsins og orkusveitarfélaga. Gott er að fá ábendingar um fleiri aðila sem senda ætti auglýsinguna á.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga samþykkir dagskránna og felur starfsmanni að senda dagskrána ásamt skráningarhlekki á aðildarsveitarfélög og aðra áhugasama aðila.

2. Fræðsluferð stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2025 - 2504005SO

Farið yfir undirbúning vegna fræðsluferðar stjórnar

Stjórn þakkar Guðný Birnu Guðmundsdóttur fyrir að skipuleggja áhugaverða fræðsluferð fyrir stjórnina.

3. Tillögur að flokkun tíu vindorkuverkefna - óskað umsagnar - 2504003SO

Lögð fram til kynningar umsögn samtakanna um tillögur að flokkun tíu vindorkuverkefna sem var í samráðsgátt stjórnvalda

Fundi var slitið kl. 10:30